



Nemar í grunnskólakennaranámi á fyrsta misseri haustið 2019

Spurningakönnun meðal grunnskólakennaranema
á fyrsta ári í B. Ed.-námi við Háskóla Íslands haustið 2019

Skýrsla rannsóknarhóps

Maí 2020

Höfundar: Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

© Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir

Maí 2020

Nemar í grunnskólakennaranámi á fyrsta misseri haustið 2019

Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands
ISBN: 978-9935-9534-0-7

Inngangur

Haustið 2019 var lögð spurningakönnun fyrir nýnema sem hófu nám á Menntavísindasviði. Það haust voru 187 nýnemar skráðir í grunnskólakennaranám¹ í þremur deildum Menntavísindasviðs, 51 karl og 136 konur. Könnunin var lögð fyrir í kennslustund í október 2019 þar sem nemar fengu krækju í spurningalista á rafrænu formi. Þátttakendur voru 118, eða 63% skráðra nýnema, og voru karlar 23% en konur 77%. Samkvæmt skráningu á fjölda nema á námskeiðum í kennsluskrá HÍ luku 133 nemar námskeiðinu Nám og kennsla inngangur á haustmíssi 2019 sem er skyldunámskeið fyrir alla nema í grunnskólakennaranámi.

Kærar þakkir til nema sem svöruðu spurningakönnuninni.

¹ Ekki eru taldir hér með nemar í íþróttá- og heilsufræði sem sumir öðlast réttindi sem kennarar.

Helstu niðurstöður

Af þeim nemum í grunnskólakennaranámi á fyrsta ári sem svöruðu könnuninni var 61% í staðnámi, 35% í fjarnámi en 4% sögðust taka námskeið ýmist í staðnámi eða fjarnámi. Alls svöruðu 118, 27 karlar og 91 kona. Stærsti hópurinn var á kjörsviði í grunnskólakennslu yngri barna í Deild kennslu og menntunarfræða, eða 44 einstaklingar, jafnt hlutfall fjarnema og staðnema. Í Deild faggreinakennslu voru 28 þátttakendur á kjörsviðinu stærðfræði, náttúrugreinar og upplýsingatækni, 15 í staðnámi og 11 í fjarnámi. 18 voru á kjörsviði í samfélagsgreinum og allir nema einn í staðnámi, 14 í íslensku og erlendum tungumálum, þar af níu í staðnámi og fimm í fjarnámi. Tveir svarendur voru í heilsueflingu og heimilisfræði í Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda og báðir í staðnámi.

Flestir svarenda voru 25 ára eða yngri en þegar skoðað var eftir námsformi kom í ljós að 83% staðnema og rúm 30% fjarnema eru á þeim aldri. Næstum helmingur, eða 47%, fjarnema var yfir þrítugu en ekki nema um 7% staðnema. Langflestir búa í Reykjavík og nágrenni þar sem 87% staðnema og 44% fjarnema búa. Tæpur fjórðungur fjarnema bjó á Suðurnesjum, 10% á Norðurlandi, 7% á Suðurlandi, 7% á Austurlandi og 5% á Vesturlandi. Rúmur helmingur staðnema er einhleypur og 29% fjarnema á meðan 63% fjarnema og 40% staðnema eru í sambúð og um 5% í hvorum hópi eru einstæðir foreldrar. Yfir helmingur staðnema, eða 60%, býr í foreldrahúsum og 27% fjarnema gera það. Um helmingur fjarnema býr í eigin húsnæði en aðeins um 17% staðnema og um 20% úr hópi bæði staðnema og fjarnema búa í leiguhúsnæði. Staðnemar eru flestir barnlausir, eða 86%, en 8% þeirra eiga eitt barn; örfáir eru með fleiri börn. Hins vegar eru um um 70% fjarnema með börn á framfæri, þar af 40% með tvö eða fleiri.

Um 90% grunnskólakennaranema höfðu lokið stúdentsprófi þegar þeir hófu nám og átti það við um bæði staðnema og fjarnema. Um 46% fjarnema og 43% staðnema höfðu byrjað í öðru háskólanámi án þess að ljúka gráðu og 10% fjarnema höfðu lokið bakkalárgráðu en enginn úr hópi staðnema. Tæpur helmingur fjarnema og 16% staðnema höfðu reynslu af að starfa sem leiðbeinendur við kennslu í grunnskóla áður en þeir hófu nám í grunnskólakennarafræðum og 46% fjarnema og 35% staðnema höfðu starfað sem stuðningsfulltrúar í grunnskóla. Þá höfðu 37% staðnema og 22% fjarnema reynslu af íþróttapjálfun. Rúmur helmingur fjarnema og 15% staðnema höfðu reynslu af að vinna sem leiðbeinendur í leikskóla. Flestir ætluðu að vinna með náminu og rúmur helmingur fjarnema og 12% staðnema ætluðu að vera við kennslu sem leiðbeinendur í grunnskóla. Af þeim sem sögðust vera að vinna voru rúm 26% fjarnema og 22% staðnema í starfi sem ekki tengist náminu. Þriðjungur staðnema en ekki nema 10% fjarnema sögðust ekki vera að vinna með náminu. Af fjarnemum ætluðu 44% að vinna fulla vinnu eða meira með náminu en flestir í hópi staðnema ætluðu að vinna minna en hálfu vinnu og tæpur fimmtungur þeirra ætlaði ekki að vinna lengur en 10 klst. á viku. 10% fjarnema og 17% staðnema sögðust ætla að taka námslán.

Menntunarstig foreldra staðnema og fjarnema er ólíkt og eru foreldrar staðnema að jafnaði með hærri prófgráður. Í báðum hópum segjast tæp 40% nema eiga föður með iðnmenntun eða styttri

starfsmenntun. 46% staðnema og 39% fjarnema eiga móður með háskólapróf en 32% fjarnema og 20% staðnema eiga móður sem er ekki með frekari menntun en grunnskólapróf. Af staðnemum átti 31% föður með háskólapróf en 24% fjarnema. Næstum allir svarendur höfðu íslensku sem móðurmál. Langflestir fjarnema, eða tæp 90%, eru vissir um að kennarastarfið sé fyrir sig og að þeir muni ljúka náminu en rúm 60% staðnema eru jafnvissir um hvort tveggja. Í báðum hópum segjast nemar hafa haft kennara sem voru þeim fyrirmyndir en mjög fáir segja að þeir hafi ákveðið ungir að verða kennarar.

Það er mjög mismunandi hvað grunnskólakennaranemarnir segjast verja miklum tíma til námsins en í heildina verja staðnemar meiri tíma til náms en fjarnemar. Þannig segjast 36% staðnema og 19% fjarnema verja meira en 30 klst. á viku í námið. 40% fjarnema verja ekki nema 11–20 klst. til náms á viku en um fjórðungur staðnema ver það fáum stundum í námið. 14% fjarnema og 10% staðnema ætla að verja færri en 10 klst. til náms á viku. Flestir staðnemar, eða 87%, gerðu ráð fyrir að taka fullt nám en 68% fjarnema gerðu ráð fyrir fullu námi á fyrsta misseri sínu í náminu. Næstum helmingur nema úr báðum hópum telur að kvíði muni geta haft frekar mikil, mikil eða mjög mikil neikvæð áhrif á nám sitt. Flestir fjarnemar, eða tæp 45%, telja að skyldur vegna fjölskyldu séu líklegar til að hafa neikvæð áhrif á námsframvinduna og yfir helmingur nefnir álag vegna launaðrar vinnu. Tæpur fjórðungur staðnema telur að slakur undirbúningur úr framhaldsskóla sé líklegur til að hafa neikvæð áhrif en færri fjarnemar nefna það.

Yfirgnæfandi meirihluti staðnema var ánægður með námið í heild sinni en tæp 80% voru ánægð eða mjög ánægð, þar af 43% mjög ánægð. Fjarnemar voru ekki alveg eins ánægðir en 87% þeirra voru frekar ánægð, ánægð eða mjög ánægð. 70% þeirra voru ánægð eða mjög ánægð en aðeins 24% mjög ánægð. Flestir, eða yfir 90% bæði fjarnema og staðnema, lýsa yfir ánægju með samskipti við samnema. Í svari við opnum spurningum koma fram skiptar skoðanir, kennurum er hrósað en líka fundið að skipulagi, t.d. að of mikið af náminu byggist upp á hópavinnu, sem geri það auðvelt fyrir suma nema að fara í gegnum námið án þess að leggja mikið á sig, og fjarnemar kvarta yfir skipulagi á staðlotum og að ekki sé tekið nægilegt tillit til þeirra.

Um 44% fjarnema og 81% staðnema tóku þátt í nýnemavíku í upphafi haustmisseris en rúmur helmingur fjarnema sem ekki tók þátt í nýnemavíkunni sagði að það hefði skipt miklu máli að þeir komust ekki vegna vinnu. Almennt fannst þeim sem tóku þátt í nýnemavíkunni takast vel að kynnst samnemendum, að koma nemum í gang í náminu og að miðla upplýsingum um skipulag námsins. Um þriðjungur bæði fjarnema og staðnema fannst hins vegar takast frekar illa eða mjög illa að kynnst kennurum. Í opnum athugasemdum kom fram að skipulag hefði verið of flókið og að betra væri að hafa nýnemavíkuna styttri til að koma betur til móts við þá sem kæmu langt að.

Efnisyfirlit


Inngangur	3
Helstu niðurstöður	4
Efnisyfirlit.....	6
Myndir	7
Niðurstöður	8
Námsleið og námsform	8
Kyn, aldur, búseta og fjölskylduaðstæður	9
Menntun þátttakenda	11
Fyrri starfsreynsla, vinna með námi og námslán.....	12
Menntun foreldra og móðurmál	14
Viðhorf til námsins og hvatning til að hefja námið.....	16
Tími sem notaður er í námið og fjöldi eininga.....	18
Þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið og mat á náminu	19
Almennar athugasemdir um námið	21
Nýnemavika.....	22
Athugasemdir um nýnemaviku	23

Myndir

Mynd 1. Námsform.....	8
Mynd 2. Fjöldi nema eftir námsleiðum og námsformi.....	8
Mynd 3. Aldur nema á fyrsta misseri eftir námsformi.....	9
Mynd 4. Búseta nema á fyrsta misseri eftir svæðum.....	9
Mynd 5. Húsnæði nema.....	10
Mynd 6. Hjúskaparstaða nema.....	10
Mynd 7. Fjöldi barna undir 18. ára aldri í umsjá nema.....	11
Mynd 8. Fyrri háskólanám nema.....	11
Mynd 9. Starfsreynsla nema áður en þeir hófu námið.....	12
Mynd 10. Starf sem nemar ætla að sinna með náminu.....	13
Mynd 11. Vinnutími á viku með námi.....	13
Mynd 12. Menntun foreldra nema.....	14
Mynd 13. Hlutfall nema sem eiga foreldra sem eru kennarar.....	15
Mynd 14. Móðurmál nemans og foreldra hans.....	15
Mynd 15. Viðhorf grunnskólakennaranema til námsins og kennarastarfsins.....	16
Mynd 16. Hvati nema til að fara í námið.....	17
Mynd 17. Tími á viku sem notaður er í alla þætti námsins.....	18
Mynd 18. Fjöldi eininga sem nemar ætla að taka á haustmisseri.....	18
Mynd 19. Þættir sem hafa neikvæð áhrif á nám nemanna.....	19
Mynd 20. Ánægja nema með ýmsa þætti í náminu.....	20
Mynd 21. Mat nema á því hvort námið var léttara eða erfiðara en þeir bjuggust við.....	20
Mynd 22. Ástæður fyrir því að nemar tóku ekki þátt í nýnemaviku.....	22


Niðurstöður

Námsleið og námsform



Mynd 1. Námsform.

Mynd 1 sýnir að af þeim grunnskólakennaranemum sem svöruðu könnuninni var 61% í staðnámi, 35% í fjarnámi en 4% sögðust taka námskeið ýmist í staðnámi eða fjarnámi.




Mynd 2. Fjöldi nema eftir námsleiðum og námsformi.

Mynd 2 sýnir skiptingu nema eftir kjörsviðum og þar sést að flestir eru í grunnskólakennslu yngri barna, eða 44, og eru fjarnemar og staðnemar jafnmargir. Næstfjöldmennasti hópurinn er á kjörsviðinu stærðfræði, náttúrugreinar og upplýsingatækni en þar eru 28 þátttakendur, staðnemar

15, fjarnemar 11 og tveir taka námskeið ýmist í fjarnámi eða staðnámi. Á kjörsviði í samfélagsgreinum eru 18 og þar eru 17 staðnemar en einn er í fjarnámi. Í íslensku og erlendum tungumálum eru 14, þar af níu staðnemar og fimm fjarnemar. Tveir svarendur voru í heilsuefningu og heimilisfræði og báðir í staðnámi.


Kyn, aldur, búseta og fjölskylduaðstæður

Þátttakendur úr hópi grunnskólakennaranema á fyrsta ári voru 118, karlar voru 27 og konur 91.




Mynd 3. Aldur nema á fyrsta misseri eftir námsformi.

Á mynd 3 sést að flestir nemarnir eru 25 ára eða yngri, en það á við um 83% staðnema og rúm 30% fjarnema, og þar af eru 22% staðnema og 7% fjarnema tvítug eða yngri. Næstum helmingur, eða 47%, fjarnema er yfir þrítugu en aðeins 7% staðnema.




Mynd 4. Búseta nema á fyrsta misseri eftir svæðum.

Langstærstur hluti grunnskólakennaranema býr í Reykjavík og nágrenni, en 87% staðnema og 44% fjarnema búa þar, á meðan 6% staðnema og tæpur fjórðungur fjarnema búa á Suðurnesjum. Annars eru fjarnemar í öllum landshlutum nema á Vestfjörðum, og búa 5% fjarnema á Vesturlandi, 7% á Suðurlandi, 10% á Norðurlandi, 7% á Austurlandi og 2% í útlöndum (sjá mynd 4).




Mynd 5. Húsnæði nema.

Á mynd 3 sést að 60% staðnema og 27% fjarnema búa í foreldrahúsum. 49% fjarnema búa í eigin húsnæði en það á við um 17% staðnema. Svipað hlutfall staðnema og fjarnema, eða um fimmtungur úr hvorum hópi, býr í leiguhúsnæði.



Mynd 6. Hjúskaparstaða nema.

Mynd 6 sýnir að staðnemar eru frekar einhleypir en fjarnemar, en rúmur helmingur staðnema og 29% fjarnema eru einhleyp. Hins vegar eru 63% fjarnema í sambúð á móti tæpum 40% staðnema. Um 5% í hvorum hópi eru einstæðir foreldrar.




Mynd 7. Fjöldi barna undir 18. ára aldri í umsjá nema.

Á mynd 7 kemur fram að langflestir staðnemar, eða 86%, eru barnlausir en það á við um 32% fjarnema. Tæp 29% fjarnema eru með eitt barn en 40% með tvö eða fleiri börn í sinni umsjá. 8% staðnema eiga eitt barn en örfáir eru með fleiri börn.

Menntun þátttakenda


Ríflega 87% grunnskólakennaranema í staðnámi höfðu lokið stúdentsprófi þegar þeir hófu nám og 90% fjarnema.



Mynd 8. Fyrri háskólanám nema.


Á mynd 8 kemur fram að fleiri fjarnemar en staðnemar höfðu reynslu af öðru háskólanámi áður en þeir hófu nám í grunnskólakennarafræðum. Þannig höfðu um 24% fjarnema en 13% staðnema byrjað í öðru háskólanámi en lokið minna en ársnámi og 15% fjarnema á móti 8% staðnema höfðu lokið eins árs námi eða meira. 10% fjarnema en engir staðnemar höfðu lokið bakkalárgráðu frá háskóla áður en þeir hófu nám í grunnskólakennarafræðum í fjarnámi. 44% fjarnema höfðu ekki stundað háskólanám áður og það sama átti við um 57% staðnema.

Fyrri starfsreynsla, vinna með námi og námslán




Mynd 9. Starfsreynsla nema áður en þeir hófu námið.

Þátttakendur voru spurðir um starfsreynslu sína áður en þeir hófu námið. Á mynd 9 má sjá þau störf sem nemar höfðu reynslu af áður en þeir hófu nám í grunnskólakennarafræðum. Nokkuð margir úr hópi bæði fjarnema og staðnema höfðu reynslu af einhverjum störfum í grunnskóla en tæpur helmingur fjarnema hafði reynslu af að starfa sem leiðbeinandi við kennslu í grunnskóla og þar af höfðu 20% tveggja ára reynslu eða meira af kennslu. 16% staðnema höfðu reynslu af að starfa sem leiðbeinendur í grunnskóla en einungis 6% höfðu meira en ársreynslu í því starfi. 46% fjarnema höfðu reynslu af starfi stuðningsfulltrúa í grunnskóla, þar af rúm 20% lengur en í tvö ár. 35% staðnema höfðu starfað sem stuðningsfulltrúar, þar af 13% í tvö ár eða lengur. Staðnemar voru heldur líklegri til að hafa unnið í frístund eða gæslu í grunnskóla, en þriðjungur þeirra hafði reynslu af því, þar af 16% í tvö ár eða lengur, á meðan 17% fjarnema höfðu reynslu af slíku starfi, þar af 12% í tvö ár eða lengur. Rúmur helmingur fjarnema hafði reynslu af starfi leiðbeinanda í leikskóla og þar af 22% í tvö til fjögur ár og 10% í fimm ár eða meira. Af staðnemunum höfðu 15% unnið sem leiðbeinendur í leikskóla í eitt ár eða minna en ekki nema 5% höfðu lengri starfsreynslu. Staðnemar voru líka líklegri til að hafa unnið við íþróttapjálfun, en 37% þeirra höfðu reynslu af því, þar af tæpur fimmtungur í tvö ár eða lengur. Færri fjarnemar, eða 22%, höfðu reynslu af íþróttapjálfun og þar af tæp 10% tveggja ára eða lengri reynslu.



Mynd 10. Starf sem nemar ætla að sinna með náminu.

Á mynd 10 sést að þriðjungur staðnema en ekki nema 10% fjarnema sögðust ekki vera að vinna með náminu. Rúmur helmingur fjarnema, eða 54%, ætlaði að starfa sem leiðbeinandi í grunnskóla með náminu en það átti við um 12% staðnema. Staðnemar ætluðu að vinna ýmiss konar störf sem tengjast náminu, svo sem í tómstundastarfi 9%, við íþróttabjálfun 7%, leiðbeinendur í leikskóla 7% og vinnu með fötluðu fólki 4%. Af fjarnemum sögðust 12% vera í ótilgreindu starfi sem tengdist náminu en 26% fjarnema og 22% staðnema voru í starfi sem ekki tengdist náminu.




Mynd 11. Vinnutími á viku með námi.

Þegar spurt var hversu margar stundir á viku þátttakendur væru að vinna sést á mynd 11 að fjarnemar ætla að vinna miklu fleiri stundir á viku en staðnemar. Þannig ætla 44% fjarnema að vinna fulla vinnu eða meira (36–41 klst. eða meira) og 27% ætla að vinna á bilinu frá 21 til 35 klst. Flestir staðnemar ætla hins vegar að vinna minna en hálfa vinnu, en 10% ætla að vinna 16–20 klst. á viku, 19% segjast ætla að vinna 11–15 klst. á viku og tæpur fimmtungur ætlar ekki að vinna lengur en 10 klst. á viku.

Þátttakendur voru inntir eftir því hvort þeir tækju námslán og þá kom í ljós að 10% fjarnema og 17% staðnema tóku slík lán.


Menntun foreldra og móðurmál



Mynd 12. Menntun foreldra nema.


Til að kanna þjóðfélagslegan bakgrunn grunnskólakennaranema var spurt um menntun foreldra og á mynd 10 má sjá að menntunarstig foreldra staðnema og fjarnema er ólíkt fyrir utan það að í báðum hópum segjast tæp 40% nema eiga föður með iðnmenntun eða styttri starfsmenntun. Meðal staðnema eiga 46% móður með háskólapróf en það á við um 32% mæðra fjarnema. 39% fjarnema eiga móður sem er ekki með frekari menntun en grunnskólapróf en það átti við um 20% mæðra staðnema. Af staðnema átti 31% föður með háskólapróf en 24% fjarnema áttu föður með háskólapróf.

Væri merkt við fleiri en eitt atriði voru svör skilgreind þannig að metin var hæsta prófgráða samkvæmt opinberum viðmiðum.



Mynd 13. Hlutfall nema sem eiga foreldra sem eru kennarar.


Spurt var hvort grunnskólakennaranemar ættu foreldra, annað eða bæði, sem væru eða hefðu verið kennarar. Flestir, bæði staðnemar og fjarnemar, sögðu að það ætti við um hvorugt sinna foreldra en tæpur fimmtungur staðnema og 12% fjarnema sögðu að móðir þeirra hefði verið eða væri kennari.



Mynd 14. Móðurmál nemans og foreldra hans.


Eins og sést á mynd 14 kom í ljós að næstum allir svaendur höfðu íslensku sem móðurmál.

Viðhorf til námsins og hvatning til að hefja námið



Mynd 15. Viðhorf grunnskólakennaranema til námsins og kennarastarfsins.


Á mynd 15 sést að langflestir fjarnema eru vissir um að kennarastarfið sé fyrir sig, en tæp 90% segja að það eigi við sig að miklu eða mestu leyti á meðan rúm 60% staðnema eru svo viss um þetta. Fjarnemar eru líka heldur vissari um að þeir muni ljúka náminu, en yfir 90% eru nokkuð viss um það á meðan 62% staðnema merkja við tvo efstu kostina á kvarðanum. Nokkuð jafnt hlutfall í báðum hópum merkir við að það passi að miklu eða mestu leyti að þeir hafi haft kennara sem voru þeim fyrirmyndir en mjög fáir segja það passa að miklu eða mestu leyti að þeir hafi ákveðið ungir að verða kennarar og næstum helmingur í báðum hópum segir að það passi að takmörkuðu leyti.



Mynd 16. Hvati nema til að fara í námið.


Á mynd 16 sést hvernig þátttakendur svöruðu spurningu um hver hefði verið helsti hvati þeirra til að fara í kennaranám. Svör staðnema og fjarnema eru frekar lík, en yfir 90% fjarnema segja að það passi að mestu eða miklu leyti að þeir vilji verða kennarar vegna þess að það sé mikilvægt að vinna með börnum en rúm 80% staðnema segja það saman. Heldur fleiri staðnemar eru sammála því að það sé spennandi að kenna en svör hópanna eru mjög áþekkt varðandi það hvort þeir vilji verða kennarar vegna þess að að þeir vilji að aðrir fái áhuga á að læra.

Tími sem notaður er í námið og fjöldi eininga



Mynd 17. Tími á viku sem notaður er í alla þætti námsins.

Á mynd 17 sést að það er mjög mismunandi hvað grunnskólakennarar segjast verja miklum tíma til námsins. 11% verja 41–51 klst. til náms og svipað hlutfall fjarnema, eða 12%, gerir það líka. Fjórðungur staðnema ver 31–40 klst. til náms en það á við um einungis 7% fjarnema. 28% staðnema verja 21–30 klst. til náms á viku og svipað hlutfall fjarnema, eða 27%, nefnir jafnmikinn tíma. 40% fjarnema verja 11–20 klst. til náms á viku en um fjórðungur staðnema ver svo fáum stundum í námið. 10% staðnema ætla að verja færri en 10 klst. til náms og það á við um 14% fjarnema. Í heild virðast staðnemar verja meiri tíma til náms en fjarnemar, en samtals 36% staðnema en ekki nema 19% fjarnema verja meira en 30 klst. á viku í námið.




Mynd 18. Fjöldi eininga sem nemar ætla að taka á haustmisseri.

Á mynd 18 sést að um 87% staðnema og 68% fjarnema gerðu ráð fyrir að taka fullt nám eða meira á sínu fyrsta misseri í náminu. 22% fjarnema ætluðu að taka á bilinu 16–25 einingar og 9% hugðust taka 15 einingar eða færri. 10% staðnema ætluðu að taka færri einingar en sem svarar fullu námi.


12% fjarnema og 7% staðnema höfðu sagt sig úr námskeiðum á haustmisseri. Ástæður sem staðnemar nefndu fyrir því að skrá sig úr námskeiðum voru m.a. að námskeiðið höfðaði ekki til þeirra. Fjarnemar nefndu að námskeiðið hefði verið of erfitt eða of tímafrekt og tímaskort vegna fjölskyldu og launaðrar vinnu eða annarra námskeiða.

Þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið og mat á náminu



Mynd 19. Þættir sem hafa neikvæð áhrif á nám nemanna.


Þátttakendur voru beðnir að leggja mat á tiltekna þætti sem þeir teldu líklegt að gætu haft neikvæð áhrif á námsframvindu þeirra. Á mynd 19 sést að flestir fjarnemar nefna að skyldur vegna fjölskyldu hafi frekar mikil, mikil eða mjög mikil áhrif, en tæp 45% nefna það, og yfir helmingur fjarnema segir að álag vegna launaðrar vinnu sé líklegt til að hafa frekar mikil, mikil eða mjög mikil áhrif. Tæpur fjórðungur staðnema telur að slakur undirbúningur úr framhaldsskóla hafi frekar mikil, mikil eða mjög mikil áhrif en færri fjarnemar nefna þetta atriði. 47% fjarnema og 45% staðnema telja að kvíði geti haft frekar mikil, mikil eða mjög mikil neikvæð áhrif á nám þeirra. Lesblinda virðist trufla fáa, en þó rúmlega 10% í báðum hópum.



Mynd 20. Ánægja nema með ýmsa þætti í náminu.

Þegar spurt var um ánægju eða óánægju með tiltekna þætti í náminu lýstu flestir ánægju með samskipti við samnemendur, en yfir 90% bæði fjarnema og staðnema eru frekar ánægð, ánægð eða mjög ánægð með þau, eins og sést á mynd 20. Þá lýsa 96% staðnema yfir ánægju með námið í heild sinni og af þeim eru tæp 80% ánægð eða mjög ánægð. Fjarnemar eru ekki alveg eins ánægðir en samt eru 87% þeirra frekar ánægð, ánægð eða mjög ánægð.

Tæp 20% fjarnema lýsa yfir óánægju með skipulag staðlota.



Mynd 21. Mat nema á því hvort námið var léttara eða erfiðara en þeir bjuggust við.

Mynd 21 sýnir mat þátttakenda á því hvort námið hafi verið léttara eða erfiðara en þeir áttu von á. Um 45% nema segja það hafa verið svipað og þeir bjuggust við. 15% staðnema og tæp 34% fjarnema

sögðu það aðeins erfiðara en 11% staðnema og 9% fjarnema sögðu það erfiðara eða miklu erfiðara en þeir áttu von á.

Almennar athugasemdir um námið

Í svörum við opnum spurningum komu fram mjög skiptar skoðanir um námið og sumir lýsa því yfir að þetta sé mjög fínt nám, skemmtilegt og fjölbreytt.

Ég er rosalega ánægð með það og finnst allt rosalega spennandi og skemmtilegt.

Er virkilega ánægð með hvað kennararnir eru ólíkir og búa yfir miklum fróðleik og fagmennsku. Einnig finnst mér frábært hvað kennararnir í námskeiðinu Nám og kennsla hafa mikla innsýn í líf nemenda sinna og vekja mikinn áhuga á öllu sem við kemur kennslu þrátt fyrir að vera stundum að ræða alvarleg og erfið mál.

Aðrir lýsa óánægju með kennarana.

Kennarar mættu vanda sig betur við að aðstoða og miðla upplýsingum og taka leiðbeiningum, einn kennari hjá okkur sem neitar að upptökurnar eigi að fara á ákveðinn stað þó mjög mörg okkar hafi bent á að þetta sé rangt hjá honum og aðrir kennarar á þessu námskeiði og hinum gera akkurat öfugt við hann. Mætti vera opnari og kurteisari í svari.

Sú skoðun kemur líka fram að of mikið af náminu byggist upp á hópavinnu, sem geri það auðvelt fyrir suma nema að fara í gegnum námið án þess að leggja mikið á sig.

Ég tel að námið sé alltof létt og of stór hluti af því byggður upp á hópavinnu snemma í námsferlinu. Þeir einstaklingar sem ekki eiga heima í náminu eru líklegri til að haldast inni ef mikið er unnið í hópum og þeir komast upp með að vera farþegar. Það getur vel verið að það sé kennaraskortur, en námið má ekki líða fyrir það. Það verður að vera meira krefjandi.

Of mikil hópavinna fjarnema sem ekki geta komið saman í persónu. Hópavinna tekur vísast stuttan tíma í verkefnatímum en tekur fjarnema fleiri daga v/mism. tímaplans

Fjarnemar kvarta yfir skipulagi á staðlotum og yfir því að ekki sé tekið nægilegt tillit til þeirra.

Finnst í staðlotum að það sé ekki verið að taka tillit til okkar af landsbyggðinni og þurfum að taka okkur frí frá vinnu. Það mætti þetta stundaskrána meira

Mér finnst námið ekki nógu vel sniðið að fjarnemum. Mér virðist fjarnámið vera nákvæmlega eins og staðnámið nema að fjarnemar mæta ekki í tíma. Það er ætlast til þess að þeir vinni hópaverkefni með mörgum öðrum nemendum líkt og staðnemarnir sem mæta í tíma gera. Það fyrirkomulag hentar illa þar sem fjarnemar hafa oft ekki tök á því að hittast til að vinna verkefnin. Eins þykir mér námsefnið í sumum áföngum koma full seint inn með tilliti til fjarnema. Verkefnin sem vinna á koma sum hver ekki inn fyrr en í lok vikunnar og þá hafa fjarnemar ekki tækifæri til að vinna sér í haginn. T.d. koma verkefnin í Inngangur að íslensku

sem faggrein ekki inn fyrir en á fimmtudögum. Það kemur sér illa fyrir þá sem hafa kannski mestan tímann til að læra í fyrrihluta vikunnar.

En svo er líka þeim kennurum hrósað sem koma til móts við fjarnema og mælt með að fleiri taki þá sér til fyrirmyndar.


Mér þykir fyrirkomulagið í Talað mál og ritað vera best sniðið að fjarnemum. Þá koma allar upplýsingar fyrir komandi viku inn á moodle á föstudegi eða laugardegi svo að vikuskipulagið liggur greinilega fyrir og það er auðvelt að vinna sér í haginn og jafnvel klára vikuverkin áður en vikan hefst. Mér finnst að fleiri áfangar megi taka það fyrirkomulag sér til fyrirmyndar hvað varðar fjarnámið.

En ekki eru samt allir sammála.

Talað mál og ritað er of krefjandi og lesefni er alltof torskilið, þurrt og þungt í námskeiðum.

Nýnemavika


Við upphaf haustmíssis 2019 var skipulögð svokölluð nýnemavika þar sem dagskrá var fyrir alla nýnema á Menntavísindasviði sem ætluð var til að kynna námið og gefa nemum tækifæri til að kynnast hver öðrum og kennurum. Um 44% fjarnema tóku þátt í vikunni en 81% staðnema.



Mynd 22. Ástæður fyrir því að nemar tóku ekki þátt í nýnemaviku.

Á mynd 22 má sjá hversu mikið nokkrar tilgreindar ástæður höfðu að segja um það að nemar tóku ekki þátt í nýnemavikunni. Tæp 70% fjarnema og 43% staðnema sögðu að það hefði skipt nokkru eða miklu máli að þeir komust ekki vegna vinnu og yfir 42% staðnema en aðeins 30% fjarnema tilgreindu fjölskylduaðstæður sem ástæðu fyrir því að mæta ekki. Algengasta ástæðan fyrir því að taka ekki þátt

Í nýnemaviku var áhugaleysi. Yfir 70% fjarnema sögðu það hafa skipt nokkru eða miklu máli en 25% fjarnema nefndu þessa ástæðu.



Mynd 13. Mat nema á því hvernig tókst til með nokkra þætti í nýnemavikunni.

Mynd 23 sýnir hversu vel þátttakendum fannst tilteknir þættir takast í nýnemavikunni. Flestum, eða tæpum 80% fjarnema og 74% staðnema, fannst það að kynnast samnemendum hafa tekist frekar eða mjög vel. Tæpum 90% fjarnema og tæpum 70% staðnema fannst takast frekar vel eða mjög vel að koma nemum í gang í náminu og tæpum 90% fjarnema og um 70% staðnema fannst takast frekar vel eða vel að miðla upplýsingum um skipulag námsins. Um þriðjungji bæði fjarnema og staðnema fannst það takast frekar illa eða mjög illa að kynnast kennurum í nýnemavikunni.

Athugasemdir um nýnemaviku

Í opnum svörum um nýnemavikuna komu fram skiptar skoðanir um gagnsemi hennar en margir voru ánægðir, eins og athugasemdirnar sýna: „bara gaman“, „mér fannst hún frábær og gott að koma og hitta alla,“ og „mætti vera meira svona“.

Öðrum fannst skipulagið flókið og sögðu: „Rosa flókið að vera með 3 stundatöflur í einu.“

Margt var óþægilegt í samþjöppuninni, góður vilji og kannski of mikill góðvilji að allt væri frábært.

Hægt væri að hafa nýnemavikuna styttri til að koma betur til móts við þá sem koma langt að.

Svo fannst sumum að þeir hefðu farið í gegnum svona samhringing í byrjun náms áður.

Mætti vera fyrir breiðari aldurshóp, svólítið svona eins og maður væri aftur mætt í busun í menntaskólanum að vissu leyti.

Er í fjórða skipti að byrja í háskóla og því farið í gegnum nokkrar nýnemavikur. Tók vinnuna fram yfir í þetta skipti.